

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu lögmaður og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð um sparisjóði frá 15. febrúar 1942, og önnur gildandi fyrir-mæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

44. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með. Jafnframt eru úr gildi felldar samþykktir fyrir Sparisjóð alþýðu frá 12. marz 1966.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 14. apríl 1967.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Lúðvík Gizurarson.*

17. apríl 1967.

Nr. 57.

## **SAMÞYKKT**

**um sveitarstjóra fyrir Eyrarhrepp, Norður-Ísafjarðarsýslu.**

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra, og skal ráðningartími hans vera til loka kjörtímabils hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar, og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt. Eigi hefur hann atkvæðisrétt, nema hann sé einnig hreppsnefndar-maður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Þar til kjörin nefnd skal gera fyrir hönd hreppsnefndar, frumdrög að ráðningarsamningi við sveitarstjóra, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það er nauðsynlegt er, og síðan skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

## 6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og itrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt er við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, þar til sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

fyrir Bjargráðasjóð Íslands.

### I. KAFLI

Sjóðurinn og tilgangur hans.

#### 1. gr.

Bjargráðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun, er lýtur sérstakri stjórn, sbr. 4. gr., undir yfirstjórn félagsmálaráðherra.

#### 2. gr.

Tilgangur Bjargráðasjóðs Íslands er að vera til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því, en það telst hallæri, ef sveitarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum eða skepnum frá harðrétti eða felli.

### II. KAFLI

Heimili og varnarþing.

#### 3. gr.

Heimili Bjargráðasjóðs Íslands og varnarþing er í Reykjavík.

### III. KAFLI

Stjórn sjóðsins og verksvið hennar.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins, er nefnist Bjargráðastjórn, skipa: ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

#### 5. gr.

Bjargráðastjórn heldur reglulega fund að jafnaði einu sinni í mánuði og aukafundi, þegar mikilvægar beiðnir berast eða ráðherra óskar álits hennar eða tillagna.